

Nd.

34. Frumvarp til laga

[34. mál]

um breytingu á lögum nr. 19 4. nóvember 1887, um aðför.

Flm.: Jón Magnússon.

1. gr.

33. gr. laganna orðist svo:

Þegar aðfararheimild er fyrir hendi og fógæti álitur að öðru leyti ekkert því til fyrirstöðu að verða við beiðni um aðför tiltekur hann stund til aðfarar svo sem verða má eftir óskum dómhafa. Fógæti getur ex officio eða skv. beiðni dómhafa boðað dómfellda til að mæta við fyrirtöku gerðarinnar með áskorun sem hann lætur hlutaðeigandi stefnuvotta birta dómfellda a.m.k. sjö dögum fyrir fyrirtökuna. Í áskoruninni skal getið um tilefni fyrirtökunnar og hvenær og hvar hún fari fram.

Mæti dómfelldi ekki við fyrirtöku gerðarinnar getur fógæti að kröfu og ábendingu dómhafa gert aðför í þinglýstum og skráðum eignum eða eignarréttindum dómfellda. Fógæti skal tilkynna dómfellda um aðförina með ábyrgðarbréfi.

Verði aðför ekki framkvæmd samkvæmt ofangreindu getur fógæti framkvæmt hana að heimili dómfellda, starfsstöð hans eða þar sem dómfellda er að finna.

Ef dómur dæmir mann til að framselja muni eður af hendi láta má aðför hefja þar er þeir eru fyrir.

Nú á dómfelldi eigi heimili á Íslandi og er þá rétt að hefja aðför þar er hann verður fyrir eða munir hans eru sem til fullnægingar má nota.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér er lögð til sú breyting á aðfararlögum að miðað er við að aðför hefjist að starfsstöð viðkomandi fógeta. Gerð er krafa um að gerðarþola sé birt áskorun um fyrirfall með a.m.k. sjö daga fyrirvara fyrir fyrirtökuna, en láti hann undir höfuð leggjast að mæta í fógetaréttinum megi gera fjárnám eða lögtak í þinglýstum eða skráðum eignum hans eða eignarréttindum. Sé fjárnám eða lögtak gert með þeim hætti er sú skylda lögð á fógeta að senda gerðarþola tilkynningu í ábyrgðarbréfi. Önnur efnisákvæði lagagreinar þessarar eru óbreytt frá núverandi 33. gr. aðfararlaganna.

Þessi breyting, sem hér er lögð til, er sett fram í þeim tilgangi að draga úr kostnaði og tímasóun við aðfarargerðir. Meginreglan skv. 33. gr. er sú að aðför skuli hefja á heimili gerðarþola sem hefur það í för með sér að fógeti, lögmaður og tveir vottar fara að heimili gerðarþola og gera þar aðför, í flestum tilvikum í þinglýstum eða skráðum eignum eða eignarréttindum hans. Ljóst er að slíkt bakar gerðarþola ærinn kostnað, sérstaklega í dreifbýlinu, þar sem dæmi eru um að kostnaður gerðarþola vegna aðfarargerðarinnar nemi margfalt hærri fjárhæð en dómskuldinni með áreiknuðum vöxtum og málskostnaði. Þessi breyting mundi að sama skapi auðvelda störf fógeta og draga úr mannaflapörf sýslumanna- og bæjarfógetaembætta því að ljóst er að löng og tímafrek ferðalög starfsmanna þeirra embætta valda því að þeir sinna ekki öðrum störfum á meðan.

Með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, er ekki dregið úr réttaröryggi gerðarþola, heldur eykst það ef eitthvað er. Nú veit gerðarþoli iðulega ekki um að fjárnám eða lögtak hafi verið gert í eignum hans fyrr en uppboðs hefur verið krafist eða eignir hans eru af honum teknar. Með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, fær gerðarþoli tilkynningu með góðum fyrirvara um hvar og hvenær aðför á að framkvæma. Réttarstaða hans er því síst lakari náí umrædd breyting fram að ganga. Meginatriði málsins er því eins og að framan greinir að draga úr óþarfa tilkostnaði og tímasóun við aðfarargerðir hvort heldur er um að ræða lögtak eða fjárnám.

Lög um aðför eru frá árinu 1887. Nauðsynlegt væri að taka þau í heild til endurskoðunar hið fyrsta og laga þau að breyttum aðstæðum. Sú breyting, sem hér er lögð til, er þó löngu orðin tímabær og ekkert verður séð því til fyrirstöðu að hún verði samþykkt og á hana reyni áður en til heildarendurskoðunar á aðfararlögum kemur.

Á aðalfundi Dómarafélags Reykjavíkur 26. nóv. 1986 var samþykkt ályktun, sem borin var fram af stjórn félagsins, þess efnis að hið bráðasta verði gerðar nauðsynlegar breytingar á aðfararlögum sem leiði til þess m.a. að fógeta verði heimilað að framkvæma aðfarargerðir á starfsstöð sinni að undangengnum tryggum boðum til gerðarþola. Sú breyting á aðfararlögum, sem tillaga er gerð um í frumvarpi þessu, er í fullu samræmi við greinda ályktun.